

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir



Ellefu skref inn í framtíðina

Stefna og aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga

| **Stjórnarráð Íslands**
| Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Starfshópur

- Valgarður Hilmarsson, fyrrverandi sveitarstjóri Blönduósbæjar (form.)
- Sóley Björk Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi í Akureyrarbæ.
- Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík.
- Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóri í Hveragerði.



Markmiðið er að sveitarfélögin verði...

- ...sjálfstæð.
- ...sjálfbær á sviði þjónustu, fjármála og umhverfis.
- ...öflugur lýðræðisvettvangur íbúa.
- ...fær um að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu.
- ...í stakk búin til að takast á við framtíðaráskoranir.





Ábendingar í samráðsferli

- Efast um lögmæti þess að lögfesta íbúafjölda - **breyting**.
- Skiptar skoðanir um 1.000 íbúa viðmiðið – of lágt/hátt.
- Tryggja þurfi stuðning Jöfnunarsjóðs við sameiningar.
- Fara þurfi varlega í sakirnar við lækkun skuldaviðmiðs.
- Skilgreina þurfi betur hugtakið sjálfbærni og leiðir til sjálfbærni.
- Stuðla þurfi með markvissum hætti að flutningi starfa út á land, *störf á staðsetningar sé ekki nóg.*



Aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga 2019-2023




1. Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga

Markmið

Íbúar í sveitarfélaga verði yfir 250 frá sveitarstjórnarkosningum 2022 og yfir 1.000 eftir kosningar 2026.

Íbúafjöldi í upphafi árs




Ábyrgð: Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Fjármálaráðuneyti, sambandið, sveitarfélög.

Staðan

[Ný ákvæði](#) í sveitarstjórnarlögum kveða á um að hafi markmiðinu ekki verið náð skuli hefja formlegt ferli eða skrifa álit innan árs.

[Vefur](#) með leiðbeiningum um sameiningar hefur verið settur í loftið.

Mikil gangur í sameiningarmálum, líklegar 6 sameiningar fyrir sumarið. Fjöldi valkostagreininga í býgerð eða búnar.



1. Reykjavíkurborg
2. Seltjarnarnesbær
3. Kópavogsbær
4. Garðabær
5. Hafnarfjarðarkaupstaður
6. Mosfellsbær
7. Kjósarhreppur



2. Fjárhagslegur stuðningur við sameiningar

Markmið

Jöfnunarsjóður styðji myndarlega við sameiningarferli sveitarfélaga.

Ábyrgð: Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Fjármálaráðuneyti, sambandið, ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs, sveitarfélög.

Staðan

Jöfnunarsjóði styður myndarlega við bakið á sveitarfélögum í sameiningarferli.

Sveitarfélögin geta nálgast [upplýsingar um stuðninginn fyrirfram](#).



3. Tekjustofnar sveitarfélaga

Markmið

Tekjustofnar og reglur Jöfnunarsjóðs verði endurskoðaðar til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga

Ábyrgð: Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Fjármálaráðuneyti, Atvinnuvega ráðuneyti, sambandið.

Staðan

Tekjustofnanefnd safnar gögnum um núverandi og hugsanlega nýja tekjustofna. Þáttur í vinnunni er þróun sjálfbærnilíkans til að meta stöðu, framtíð og áhættu í rekstri. Miðað er við skil tillagna í febrúar/mars.

Jafnframt er unnið að endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs í því augnamiði að stuðla að sjálfbærni sveitarfélaga. Senn líður að skilum.



4. Fjármál og skuldaviðmið

Markmið

Fjármálaviðmið verði endurskoðuð til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni.

Skuldaviðmið fyrir A-hluta verði 100% frá 1. janúar 2027 en veittur verði tíu ára aðlögunartími.

Ábyrgð: Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Sambandið og sveitarfélögin.

Staðan

Fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafa ekki náð saman um niðurstöðu. Lokaskýrslu er þó að vænta á allra næstu vikum.

Meðal annars hefur verið fjallað um reikningshald byggðarsamlaga og uppgjör í samstæðu, ákvæði um skuldaviðmið og mögulega lækkun þess, erlendar lántökur sveitarfélaga, útfærslur með tilliti til þjóðhagsreikninga og mælikvarða heildarafkomu.

Líkur á að gera verði út um málið á vettvangi pólitíkurinnar.

5. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Markmið

Mótuð verði aðgerðaáætlun um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Með aðgerðaáætluninni verði tekin afstaða til þess hvaða verkefni sé rétt að færa frá ríki til sveitarfélaga og öfugt. Tekin verði m.a. afstaða til tilfærslu á þjónustu við aldraða, rekstrar framhaldsskóla og heilsugæslu

Ábyrgð: Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Öll ráðuneyti og sambandið.

Staðan

Stefnt er að því að hefja vinnu við aðgerðaráætlun um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar tekjustofnanefnd hefur skilað niðurstöðu og kosið hefur verið í sveitarstjórnnum í vor.

Markmiðið er að skapa framtíðarsýn um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og eyða til frambúðar „gráum svæðum“ í opinberri þjónustu á milli þessara stjórnsýslustiga.

6. Landshlutasamtök sveitarfélaga og samvinna sveitarfélaga

Markmið

Hlutverk landshlutasamtaka verði skýrt.

Hugað verði að samvinnu sveitarfélaga og samningum um starfrækslu verkefna.

Skýrðar verði reglur um byggðasamlög, m.a. hvað varðar stjórnskipulag og lýðræðislegt umboð, reglur um framsal á valdi, reikningshald o.fl.

Ábyrgð: Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Landshlutasamtök og sambandið.

Staðan

Unnið í samræmi við tillögur [nefndar um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka](#) frá nóv. 2020.

Skipaður verður starfshópur.

- Annars vegar til að skýra hlutverk landshlutasamtaka, m.a. með hliðsjón af því að samtökin eru frjáls félagasamtök.
- Hins vegar til að skýra reglur um samstarf sveitarfélaga, tam í gegnum byggðarsamlög.



7. Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Markmið

Skoðaðir verði kostir þess að koma á fót gerðardóm til að leysa úr ágreiningi ríkis og sveitarfélaga.

Ábyrgð: Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Öll ráðuneyti og sambandið.

Staðan

Verkefnið er á bið.

Jónsmessunefnd sker áfram úr ágreiningsmálum.

8. Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Markmið

Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa verði bætтар og kjör endurskoðuð til þess að vinna gegn mikilli endurnýjun í hópi kjörinna fulltrúa.

Ábyrgð: Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Félagsmálaráðuneyti, Jafnréttisstofa og sambandið.

Staðan

Verkefnisstjórn að störfum.

- Skilar tillögum um bætтар starfsaðstæður.
- Endurmetur kjör sveitarstjórnarfólks.
- Styður við bakið á Jafnréttisstofu um uppfærslu leiðbeininga um gerð Jafnréttisáætlana.



Hafist handa

Álag/kjör/aðstæður

Hlutverkagreining

Innri samskipti í sveitarstjórnnum

Utanaðkomandi áreitni

Ímynd

Jafnrétti



9. Lýðræðislegur vettvangur

Markmið

Þátttaka almennings í ákvarðanatöku og stefnumótun innan sveitarfélaganna verði meiri.

Ábyrgð: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samstarfsaðilar: Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, sveitarstjórnarráðuneyti.

Staðan

Sambandið hefur verið að þróa samráðsleiðir í þeim tilgangi að byggja upp þekkingu á ólíkum leiðum til samráðs.

Framhald aðgerðarinnar ákvarðast í kjölfar þeirrar vinnu.

Spennandi leið að nýta sameiginlegan stafrænan lýðræðisvettvang.



10. Rafræn stjórnsýsla sveitarfélaga

Markmið

Átak verði gert í stafrænni þróun til að bæta aðgengi almennings að þjónustu og stjórnsýslu sveitarfélaga, bæta samskipti og tryggja gott flæði upplýsinga.

Komið verði á miðlægu samstarfi milli sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun og nýta nútímataækni.

Ábyrgð: Fjármálaráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Sambandið, forsætisráðuneyti, sveitastjórnarráðuneyti, einstök sveitarfélög.

Staðan

Nýstofnuð hefur verið samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um stafræna þróun hins opinbera. Heyrir undir svokallaða Jónsmessunefnd.

Markmiðið er að bæta yfirsýn, hagnýtingu stafrænna lausna og samstarf um veitingu þjónustuferla í gegnum Ísland.is.

Fulltrúar srn, fjr, Verkefnastofu um stafrænt Ísland, rvk og sambandsins.

Stafrænu ráði sveitarfélaganna hefur verið komið á fót.



11. Fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni

Markmið

Fjölbreyttum störfum verði fjölgað á landsbyggðinni.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.
Samstarfsaðilar: Öll ráðuneyti og sambandið.

Staðan

Í ríkisstjórnarsáttmálanum segir að öll störf hjá ríkinu verði auglýst óháð staðsetningu nema eðli viðkomandi starfs krefjist þess sérstaklega.

Þá kemur fram að sett verði markmið um hlutfall opinberra starfa á landsbyggðinni.

Í skýrslu fjármálaráðuneytisins um [Störf án staðsetningar](#) er að finna yfirlit yfir aðgerðir til að stuðla að fjölgun starfa án staðsetningar, m.a. hvað varðar greiningu starfa, húsnæði fyrir störf án staðsetningar og staðlaðan texta í atvinnuauglýsingum.




Ávinningur sameininga

Sveitarfélögum mun fækka um 14 frá og með árinu 2022 og um 40 frá og með árinu 2026 með hliðsjón af breytingum á sveitarstjórnarlögum. Sveitarfélögin yrðu því að hámarki 29.

- Sameiningarnar stuðla að auknum slagkrafti sveitarfélaganna til að sinna lögbundnum og lögmæltum verkefnum og takast á við framtíðaráskoranir.
- Áætlað hefur verið að sparnaður í rekstri sveitarfélaganna geti numið á bilinu 3,6 til 5 milljörðum. Einhver hluti sparnaðarins verður nýttur til að hækka þjónustustig við íbúa.

Framhaldið

- Í heildina litið gengur framkvæmd [Stefnu í málefnum sveitarfélaga](#) vel. Á heimasíðu ráðuneytisins er hægt að sjá framvindu einstakra aðgerða.
- Formleg endurskoðun aðgerðaráætlunar stefnunnar hefst um mitt ár en samkvæmt sveitarstjórnarlögum á að endurskoða hana á þriggja ára fresti. Ný áætlun gæti því tekið gildi um mitt ár 2023.



Takk fyrir mig



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið